

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

184. FUNDUR.

184. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 9. júní árið 2011 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 695. fundar frá 9. maí s.l. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 696. fundar frá 16. maí s.l. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 697. fundar frá 23. maí s.l. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 698. fundar frá 30. maí s.l. Fundargerð í 6 liðum. Fram lögð eftirfarandi tillaga vegna 6. dagskrárliðar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela LEX- lögmansstofu að gæta hagsmuna Húnaþings vestra vegna kröfu sveitarfélagsins í þrotabú Sparisjóðsins í Keflavík. Jafnframt er LEX lögmansstofu falið að leita samkomulags við Landsbankann um meðferð eftirstöðva láns sem tekið var vegna aukningar á stofnfé árið 2007.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal situr hjá við afgreiðslu tillögunnar. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

Fundargerð 699. fundar frá 6. júní s.l. Fundargerð í 7 liðum. Fram lögð eftirfarandi tillaga vegna 7. dagskrárliðar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, að tilnefna Skúla Þórðarson, Leó Örn Þorleifsson, Stefán Böðvarsson, Elínu Jónu Rósinberg og Elínu R. Líndal í samstarfsnefnd um sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

Fundargerðir nefnda.

2. Fundargerðir félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 115. fundar frá 31. maí s.l. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 121. fundar frá 1. júní s.l. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð menningar-og tómsundaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 98. fundar frá 23. maí s.l. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð skipulags-og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 197. fundar frá 1. júní s.l. Fundargerð í 5 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga vegna 5. liðar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að auglýsa og kynna tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi jarðarinnar Litlu-Borgar í Vesturhópi.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

6. Kosningar samkvæmt 57. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra.

- a) Kosning oddvita og varaoddvita. Lögð var fram tillaga um Leó Örn Þorleifsson sem oddvita og Sigurbjörgu Jóhannesdóttur sem varaoddvita. Tillagan samþykkt með 5 atkvæðum.
- b) Kosning aðal- og varamanna í byggðarráð. Lögð var fram tillaga um Sigurbjörgu Jóhannesdóttur, Stefán Böðvarsson og Elínu R. Líndal sem aðalmenn. Lögð fram tillaga um Leó Örn Þorleifsson, Þorbjörgu Ingu Ásbjarnardóttur og Ragnar Smára Helgason sem varamenn. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum. Áheyrnarfulltrúi S- lista er Elín Jóna Rósinberg og Pétur Arnarsson til vara.

7. Sumarleyfi sveitarstjórnar.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar í júlí og ágúst. Næsti fundur verður haldinn þann 25. ágúst nk. og kemur hann í stað reglulegs fundar í september.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 16:25

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

Elín R. Líndal